


Fjárhagsáætlun 2018



Samþykkt í hafnarstjórn 18. september 2017

Greinargerð hafnarstjóra með fjárhagsáætlun ársins 2018

Inngangur

Fjárhagsáætlun ársins 2018 byggir á sambærilegu umfangi rekstrar og hefur verið síðustu ár og þeim verkefnum sem langtímaáætlun gerir ráð fyrir. Rekstrarumhverfi Faxalóahafna sf. hefur verið stöðugt síðustu misseri og reiknað er með að ekki verði stórar breytingar á milli áranna 2017 og 2018. Rekstur ársins 2017 er almennt í samræmi við fjárhagsáætlun ársins, en nokkur stór verkefni eru nú í vinnslu og teygja sig á milli ára. Framundan eru áfram stór verkefni og mikilvægt að skipa þeim á þann veg að þau hafi ekki í för með sér lakari fjárhagsstöðu fyrirtækisins heldur styrki hana til lengri tíma litið. Þá skal nefnt að stöðugleiki hefur verið á fjölda stöðugilda Faxaflóahafna sf., en með fjölgun skipakoma, stærri skipum og nýjum verkefnum, einkum á sviði umhverfismála, þá þarf að skilgreina verkefni og starfslýsingar eftir því sem færi gefst og jafnvel bæta við stöðugildum í afmörkuð skilgreind verkefni.

Athygli er vakin á því að staða handbærs fjár hefur í samræmi við áætlanir rýrnað og með ófyrirséðu framlagi á árinu 2017 til Lífeyrissjóðsins Brúar, samkvæmt lögum, er ljóst að gæta þarf að stöðu handbærs fjár næstu misseri og ár.

Þó svo að grunnstarfsemi Faxaflóahafna sf. sé hin sama og verið hefur, þ.e. að sinna þjónustu við skip og fyrirtæki á hafnarsvæðunum, þá hafa átt sér stað breytingar í umhverfi Faxaflóahafna sf. sem óhjákvæmilega hafa áhrif á starfsemina. Fyrst skal nefna þá þróun byggðar sem átt hefur sér stað í Gömlu höfninni og mun þróast á næstu árum. Í annan stað er ljóst að nú þegar geta Faxaflóahafnir sf. ekki annað þeirri eftirspurn sem er varðandi atvinnulóðir á hafnarsvæðunum í Reykjavík. Í þriðja lagi er ljóst að þróun Sundahafnar verður lokið innan skamms og verkefnið þar að nýta það land sem þjónar inn- og útflutningi eins og best verður á kosið. Þá heldur áfram sú þróun í útgerð og fiskvinnslu að útgerðaraðilum fækkar og hagræðing í fiskvinnslu hefur áhrif landanir á fiski. Loks má nefna að kröfur hafa aukist verulega á síðustu árum í umhverfismálum m.a. hvað varðar móttöku og förgun sorps og útblástur frá skipum. Þessar breytingar hafa allar áhrif á starfsemi fyrirtækisins og möguleika þess á auknum umsvifum.

Þrátt fyrir breytingar er ljóst að mikilvægi öflugs hafnarfyrirtækis hefur ekki minnkað, enda verulegir fjármunir bundnir í þeim innviðum sem hafnarmannvirkin eiga að þjóna. Hlutverk stjórnar og stjórnenda hafnarinnar er því áfram það sama þ.e. að gæta að stöðu fyrirtækisins og hafnarsvæðanna til lengri framtíðar.

Helstu stefnumál

Fjárhagsáætlun hvers árs og sú langtímaáætlun sem fylgir þeim áætlunum eru í raun stefnumótun fyrirtækisins í þróun og verkefnum. Í greinargerðum með áætlununum er tilgreint að hvaða verkefnum fyrirhugað er að vinna, en þau verkefni taka mið af þróun starfseminnar og þróun hjá viðskiptavinum Faxaflóahafna sf. Þættir sem hafa áhrif á áætlanir er m.a. vaxandi flutningar með vörur, stærri flutningaskip, aukning hafsækinnar ferðaþjónustu og breytingar á fiskiskipaflotanum. Að auki hafa umhverfismál mikil áhrif á rekstur og framkvæmdir og er aukin áhersla á þróun og endurnýjun dreifikerfis rafmagns dæmi um þær breytingar sem sjá má eiga sér stað hjá Faxaflóahöfnum sf. Rétt er að hafa í huga að þau verkefni sem ráðist er í þurfa að vera vel ígrunduð þar sem verktími stærstu verkefna spannar nokkur ár og því verður slíkum verkefnum ekki breytt þegar af stað er farið. Það er hins vegar ljóst að í hverri áætlun til skemmri og lengri tíma eru markmiðin endurskoðuð og löguð að breyttum forsendum eins og kostur er.

Í fjárhagsáætlun ársins 2018 eru nokkur verkefni sem vert er að nefna sérstaklega:

- a) Áfram er haldið við byggingu nýs Kleppsbakka, sem er stórt verkefni og forsenda þess að Sundahöfn geti áfram þróast sem megingátt flutninga til og frá Íslandi. Því verkefni lýkur árið 2019. Samhliða framkvæmdinni er unnið að tillögum að deiliskipulagi á svæðinu utan Klepps, en þar er augljóst að lóðæftirspurn er langt umfram það rými sem til ráðstöfunar er.
- b) Framkvæmdir við hafnarbakka utan Klepps og þróun í stærð skipa sem í framtíðinni munu leggjast að Vogabakka kallar á verulega dýpkun í Viðeyjarsundi á næstu árum, en fyrsti áfangi hennar fer af stað á árinu 2018. Í heild er um að ræða dýpkun sem nemur 1,2 milljónum rúmmetra.
- c) Unnið er að endurnýjun viðlegubakka á Norðurgarði, en því verkefni lýkur á fyrri hluta árs 2018.
- d) Gert er ráð fyrir fjármunum í undirbúning byggingar aðstöðu fyrir farþega við Ægisgarð, þar sem yrði sameiginlegt þjónustuhús fyrir sölustarfsemi og farþega hvalaskoðunarfyrirtækja. Skoða þarf aðstöðuna út frá umfangi starfseminnar í Suðurbugt og Vesturbugt. Þá hafa einnig verið skoðuð ákveðin grunnatriði varðandi Miðbakka, svo sem umferðarmál, rafdreifikerfi og rými fyrir þjónustuhús svo bæta megi aðstöðu fyrir farþega skemmtiferðaskipa.
- e) Endanleg útfærsla aðkomu við Austurbakka liggur ekki fyrir, en ljóst er að þær framkvæmdir sem þar eru nú í gangi munu hafa áhrif á rými hafnar til afnota á þeim bakka.
- f) Unnið er að skipulagi lóða utan Klepps, en úthlutun þeirra lóða er næst síðasti landþróunaráfangi Sundahafnar. Þegar framkvæmdum lýkur þar er ljóst að hefjast þarf handa við lengingu Skarfabakka yfir í Kleppsbakka, en með þeirri aðgerð verður til 7-8 ha. land, sem þróa þarf fyrir hafnsækna starfsemi.
- g) Gert er ráð fyrir byggingu innsiglingarvita við Sæbraut, sem kemur í stað innsiglingarvita í Sjómannaskólanum. Verkefnið er háð samkomulagi við Reykjavíkurborg um framkvæmdina, en deiliskipulag liggur nú fyrir.
- h) Faxaflóahafnir sf. hafa fengið vottun á umhverfisstjórnunarkerfi sínu, fyrst hafna á Íslandi, en næsta verkefni felst í vottun öryggismála og verður hafist handa við þann þátt á árinu 2017, en vinnunni haldið áfram á árinu 2018.

Almennt er rekstur Faxaflóahafna sf. í jafnvægi hvað varðar tekjur og gjöld. Verkefnið til lengri tíma er að halda nægum slagkrafti til fjárfestinga þannig að unnt verði að ráðast í þau verkefni sem eru nauðsynleg og væntingar um að verði leyst.

Forsendur

Við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2017 eru eftirfarandi forsendur lagðar til grundvallar:

- ⚓ Við mat á þróun almenns verðlags er miðað við forsendur Reykjavíkurborgar og þjóðhagsspa á þá rekstrarliði sem háðir eru verðlagsþróun. Miðað er við 2,5% hækkun á milli áranna 2017 og 2018.
- ⚓ Launabreytingar lúta ákvæðum kjarasamninga, sem gera ráð fyrir 3,0% hækkun 1.júní 2018.
- ⚓ Fasteignamat lóða hefur verið gefið út af Þjóðskrá og eru nokkrar sveiflur í hækkunum, meðaltalshækkun mats atvinnulóða Faxaflóahafna sf. um nálægt 10%, og er í áætlun miðað við 10% hækkun að meðaltali. Hafnabakkaleiga breytist hins vegar um 5%.
- ⚓ Miðað er við að flutningar til og frá Faxaflóahöfnum aukist um 2,0% á árinu 2018.
- ⚓ Gerð er tillaga um að breyting á gjaldskrá Faxaflóahafna sf. verði 2,5% frá 1. janúar 2018. Gert er ráð fyrir álagningu farþegagjalds frá og með 1. apríl 2018.
- ⚓ Gerð er tillaga um að í gjaldskrá Faxaflóahafna sf. komi tímabundið ákvæði til ársins 2025, sem undanþiggi rafknúnum bátum í skipulögðu ferðum með farþega bryggju- og lestargjöldum.
- ⚓ Vegna fyrirsjáanlegra breytinga á reglum um móttöku sorps frá skipum og gjalddöku verður gerð tillaga síðar um breytt fyrirkomulag þeirra mála.
- ⚓ Aflgjöld eru miðað við útkomuspá árið 2017,

- ⚓ Miðað er við að tekjur af skipakomum verði í svipuðu umfangi og árið 2017.
- ⚓ Fjármunaliðir eru samkvæmt reiknilíkani Reykjavíkurborgar.
- ⚓ Sérgreind viðhaldsverkefni í rekstri eru áætluð 293,0 mkr.
- ⚓ Undir rekstri er gert ráð fyrir viðbótarstöðugildi hluta ársins vegna starfsloka og einu viðbótarstöðugildi í skipaþjónustu.
- ⚓ Gert er ráð fyrir að tæpur 1,9 Ma. kr. fari til eignabreytinga.
- ⚓ Gert er ráð fyrir að arður til eigenda verði 170,0 mkr. eða 50% af áætluðum rekstrarafgangi ársins 2017.
- ⚓ Handbært fé lækkar á milli ára vegna umfangs eignabreytinga.


Nokkrar fjárhagsstærðir og þróun

Á síðustu árum hafa tekjur Faxaflóahafna sf. almennt vaxið umfram útgjöld þrátt fyrir að breytingar á gjaldskrá hafi almennt verið undir þróun verðlags. Samhliða hafa fjárfestingar vaxið. Rekstrarafgangur af reglulegum rekstri er sambærilegur á milli ára.


Þróunina má sjá hér um hækkun á milli ára:

	Áætlun 2018	Áætlun 2017	2016	2015	2014
Tekjur	3.832,3	3.506,8	3.409,3	3.168,0	3.048,7
Gjöld	3.105,4	2.988,5	2.845,4	2.548,7	2.404,4
Rekstrarafgangur	726,9	543,7	742,8	964,0	644,4
Fjárfestingar	1.845,0	1.855,0	1.934,8	931,9	1.014,4

Þróun rekstrartekna og útgjalda hafa verið eftirfarandi frá árinu 2012:



Þróun verðlags og gjaldskrár hefur verið eftirfarandi:



Nokkrar tölur um umfang rekstrar:

	2016	2015	2014	2013	2012
Fjöldi skipa > 100 brt.	1.502	1.446	1.406	1.472	1.471
Brúttótonn skipa í þús. tonna	9.316	9.228	9.118	8.708	8.812
Heildarflutningar í þús. tonna	3.813	3.778	3.645	3.502	3.301
Innflutningur í þús. tonna	2.458	2.402	2.212	2.201	2.060
Útflutningur í þús. tonna	955	915	876	821	902
Landaður afli í þús. tonna	112,3	146,6	153,1	139,9	155,5
Skemmtiferðaskip	114	108	91	80	81
Fjöldi farþega	98.676	100.141	104.800	92.400	92.000
Fjöldi starfsmanna (föst stöðugildi)	67	65	63,5	62,3	61,7

Fjöldi fastra stöðugilda árið 2017 verður 67,5 en að auki eru 18 sumarstarfsmenn í Bækistöð, 3 sumarstarfsmenn í hafnarþjónustu og 1 á skrifstofu. Gert er ráð fyrir einu stöðugildi í 5 mánuði á árinu 2017 vegna starfsloka öryggisfulltrúa, en mikilvægt er að nýr starfsmaður fái góðan tíma til að taka við starfi hans.

Rekstrartekjur

Heildarrekstrartekjur Faxaflóahafna sf. eru áætlaðar að verði á árinu 2018 kr. 3.832.269.000, sem er 5,5% hækkun miðað við áætlaða niðurstöðu ársins 2017.

Áætlaðar heildartekjur byggja í meginráttum á eftirfarandi tillögu:

Rekstrartekjur	Áætlun 2018	Útkomuspá 2017	%
Vörugjöld - almenn	1.359,2	1.300,0	4,6%
Vörugjöld - eldsneyti	143,5	140,0	2,5%
Aflagjöld	190,0	190,0	0,0%
Skipagjöld	384,0	374,7	2,5%
Farþegagjald	48,0	0,0	
Lóðaleiga	580,1	516,3	12,4%
Aðrar eignatekjur	9,6	7,5	27,5%
Húseignir	229,2	247,0	-7,2%
Rafmagn og vatn	113,8	120,6	-5,6%
Hafnsaga	128,6	125,5	2,5%
Hafnsögubátar	214,6	195,3	9,8%
Önnur hafnarþjónusta	99,2	96,8	2,5%
Siglingavernd	332,5	319,2	4,2%
Alls:	3.832,3	3.632,9	5,5%

Gert er ráð fyrir 2,5% hækkun gjaldskrár, en einnig er miðað við að aukning verði í flutningum, sem nemi 2%. Skipagjöld eru áætluð hækka nokkuð m.t.t. þeirrar þróunar að skipakomum fjölga og fleiri stærri skip koma nú til hafnar fyrirtækisins en áður. Lóðarleiga er áætluð hækka með hliðsjón af breytingum á fasteignamati atvinnulóða en einnig vegna lóða sem koma nýjar inn í lóðaleigu. Tekjur af útleigu fasteigna lækka á milli ára en þar vegur þyngst að allnokkuð húsnæði í Hafnarhúsinu er ekki leiguhæft fyrr en komst hefur verið fyrir myglu á 4. hæð hússins. Aðgerðir í því efni eru kostnaðarsamar og nauðsynlegt að taka afstöðu til ákveðinna forsendna áður en tekin verður ákvörðun um framkvæmdir, en einnig kann að vera skynsamlegt að selja eignarhluta Faxaflóahafna sf. í húsinu og fasteign að Fiskislóð 12, en sameina starfsemi fyrirtækisins á nýjum stað.

Sala á rafmagni er áætluð aðeins minni en útlit er fyrir að verði selt á árinu 2017, en langt verkfall sjómanna hafði í för með sér talsverða rafmagnssölu til skipa á því ári.

Þann 1. apríl verður lagt á farþegagjald, sem nær til farþega skemmtiferðaskipa og annarrar hafsækkinnar ferðaþjónustu. Áætlað er að gjaldið skili á fyrsta ári 48,0 mkr.

Rekstrargjöld

Rekstrargjöld fyrir árið 2018 eru áætluð kr. 3.105.354.000 sem er 3,9% hækkun frá áætlaðri niðurstöðu ársins 2017. Sundurliðun á helstu útgjaldaliðum rekstrar er eftirfarandi:

	Áætlun 2018	
Útgjaldaliðir	í millj. kr.	Hlutfall
Afskriftir	820,0	26,4%
Laun og launatengd gjöld	955,1	30,8%
Annar kostnaður (almenn rekstrargjöld, þjónustukaup o.fl.)	444,4	14,3%
Orkukaup	166,6	5,4%
Skattar og opinber gjöld	158,2	5,1%
Siglingavernd	268,1	8,6%
Sérgreind viðhaldsverkefni	293,0	9,4%
Alls	3.105,4	100,0%

Þróun launakostnaðar Faxaflóahafna sf. er eftirfarandi:

	2012	2013	2014	2015	2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018
Laun og launatengd gjöld	625,6	663,3	711,8	786,2	876,4	904,3	955

Þróun sérverkefna hefur verið eftirfarandi frá árinu 2013:

	2013	2014	2015	2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018
Viðhaldsverkefni	126,8	127,4	175,1	152,0	225,3	293,0

Áætlað er að verja 293,0 mkr. í sérstök viðhaldsverkefni á árinu 2018. Helstu liðir eru eftirfarandi:

Hafnarvirki:

⚓ Flotbryggja fyrir björgunarskip	10.000.000
⚓ Trébryggjur viðhald	5.000.000
⚓ Flotbryggja Vesturbugt	5.000.000
⚓ Spilhús í slipp - utanhússviðgerðir	10.000.000
⚓ Viðhaldsdýpkanir - Suðurbugt	5.000.000
⚓ Eyjargarður sinkun á stálþili	40.000.000
⚓ Kortasala á rafmagni - Suðurbugt	5.000.000
⚓ Ægisgarður endurbygging hönnun	5.000.000
⚓ Viðhaldsdýpkanir - Kleppsvík	5.000.000
⚓ Yfirlagnir á hafnarbakka - Vogabakki	10.000.000
⚓ Viðeyjarfloti	7.000.000
⚓ Yfirlagnir á hafnarbakka - Grundartangi	10.000.000
⚓ Endurnýjun fendera - Austurhöfn	10.000.000
⚓ Kortasala á rafmagni - Akranesi	15.000.000
⚓ Dráttarbátabryggja Akranesi	10.000.000
⚓ Hafnarvirki samtals	152.000.000

Götur og lagnir:

⚓ Malbiksyfirlagnir	20.000.000
⚓ Gönguleiðir endurbætur	10.000.000
⚓ Götur og lagnir samtals	30.000.000

Húseignir:

⚓ Grandaskáli endurbætur á þaki	20.000.000
⚓ Utanhússklæðning - Grandaskáli	25.000.000
⚓ Breytingar vegna leigjenda - Grandaskáli	5.000.000
⚓ Grandaskáli brunaviðvörðunarkerfi	5.000.000
⚓ Breytingar vegna leigjenda við Grandagarð	5.000.000
⚓ Utanhússviðgerðir	10.000.000
⚓ Ægisgarður - þjónustuhús - hurðir	8.000.000
⚓ Utanhússviðgerðir - Geirsgata	3.000.000
⚓ Breytingar vegna leigjenda við Geirsgötu	5.000.000

⚓ Sorpgeymslur Suðurbugt	10.000.000
⚓ Kornhlaðan	5.000.000
⚓ Vigtun afla og ísframleiðsla Akranesi	10.000.000
⚓ Húseignir samtals	111.000.000

Athygli er vakin á að ekki er að svo stöddu gert ráð fyrir endurbótum á Hafnarhúsinu, en þar bíða stór verkefni úrlausnar á 4. hæð hússins, innréttingum, þaki og ytra byrði. Til skoðunar eru útfærslur á endurbótum hússins, sem munu taka nokkurn tíma áður en niðurstaða liggur fyrir, en óráðlegt þykir að hefja framkvæmdir fyrr en aðgengi að efri hæðum hússins hefur verið skoðað, útlit hússins og innra skipulag. Ljóst er að Fiskmarkaður Íslands mun ekki halda áfram starfsemi á Akranesi. Faxaflóahafnir hafa leigt markaðnum húsið Faxabraut 5, en með því að það hús losnar er skynsamlegt að færa vigtun sjávarafla í minna húsnæði að Faxabraut 3, en ganga þannig frá hlutum að unnt verði áfram að selja ís til smábáta. Í því efni kemur til greina að kaupa ísvél FMIS eða kaupa nýja, en ljóst er að innréttu þarf húsnæðið Faxabraut 3 að einhverju leyti, en auglýsa Faxabraut 5 til sölu eða leigu.

Fjármunaliðir

Vaxtatekjur, vaxtagjöld og verðbætur eru reiknaðar samkvæmt reiknilíkani Reykjavíkurborgar. Faxaflóahafnir sf. eru ekki með nein lán í erlendri mynt. Þar sem langtímaskuldir fara lækkanði lækkar vaxtakostnaður og áætlaðar verðbreytingar.

Sjóðstreymi

Áætlun ársins 2018 gerir ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði um 1,5 Ma. kr., sem hefur verið nokkuð stöðug fjárhæð síðustu ár. Gert er ráð fyrir að lóðagjöld nemi um 117,0 mkr. en hluti þess er lánaður og færast sem veitt lán að fjárhæð 73,0 mkr. Hafa verður þó í huga að tekjur gætu orðið meiri af lóðagjöldum eða lóðasölu ef samningar nást um sölu á landi til Reykjavíkurborgar í Sævarhöfða og ef fyrir liggur aukið byggingamagn samkvæmt deiliskipulagi á tveimur svæðum í Örfirisey. Afborganir langtímakrafna eru áætlaðar 260,0 mkr. Greiddar afborganir langtímaskulda eru áætlaðar 96,0 mkr. en langtímaskuldir Faxaflóahafna hafa lækkað verulega á síðustu árum og verða í árslok 2018 um tæpar 700,0 mkr.

Arður til eigenda er áætlaður 50% af rekstrarhagnaði ársins 2017 eða 170,0 mkr. sem er nokkru lægra en síðustu tvö ár. Við ákvörðun arðgreiðslna þarf hins vegar að taka tillit til stöðu á handbæru fé annars vegar og verkefnum Faxaflóahafna sf. hins vegar og því er gert ráð fyrir lægri arðgreiðslu árið 2018.

Áætlað er að handbært fé í árslok ársins 2018 lækki um 260,0 mkr. og verði um áramót 2018/2019 rétt um 400,0 mkr. Sú staða verður að teljast lágmarksstaða á handbæru fé ef fyrirtækið á að komast hjá skammtímalántöku vegna einstakra fjárfrekra verkefna.

Eignabreytingar

Eignabreytingar á árinu 2018 eru áætlaðar liðlega 1,8 Ma. kr. Þrátt fyrir háar fjárfestingar á árunum 2016 og 2017 hefur handbært fé verið viðunandi en gæta þarf að þessum þætti eins og áður segir svo að ekki þurfi að koma til lántöku vegna verkefna ársins.

Eignabreytingar skiptast á hafnarsvæðin með eftirfarandi hætti:

Gamla höfnin	360,0
Sundahöfn	1.080,0
Grundartangi	215,0
Akranes	160,0
Tæki og áhöld	30,0
Alls	1.845,0

Hér á eftir eru tilgreind helstu eignabreytingaverkefni ársins 2018:

Gamla höfnin:

- ⚓ Lokið verður við endurnýjun viðlegu á Norðurgarði.
- ⚓ Áfram verður unnið að endurnýjun rafdreifikerfis, en á árunum 2019 - 2021 er gert ráð fyrir veigamiklum endurbótum m.a. á Miðbakka, Austurbakka og Ægisgarði.
- ⚓ Gert er ráð fyrir endurnýjuðum brimbrjót í Suðurbugt og færslu þess gamla í Vesturbugt.
- ⚓ Gert er ráð fyrir kostnaði vegna vita við Sæbraut, en gert ráð fyrir að gert verði samkomulag við Reykjavíkurborg um yfirborðsfrágang.
- ⚓ Við Ægisgarð er ráðgert að hefja framkvæmdir við þjónustuhús fyrir hafsækna ferðaþjónustu, en að meginþungi þess verkefnis verði á árinu 2019.
- ⚓ Til umhverfis- og slitlagsverkefna í Gömlu höfninni er áætlað að verja alls um 100 mkr.

Sundahöfn:

- ⚓ Áfram verður unnið að hafnarbakkagerð og þróun lands utan Klepps.
- ⚓ Hafist verður handa við dýpkun Kleppsvíkur og Viðeyjarsunds, en það verkefni mun væntanlega standa til ársins 2021.
- ⚓ Þegar bakkagerð utan Klepps lýkur er ljóst að fara þarf í lengingu Skarfabakka og landgerð í Vatnagörðum. Gert er ráð fyrir að hefja frumundirbúning þess verkefnis.
- ⚓ Í samræmi við samninga við Björgun ehf. er gert ráð fyrir kostnaði vegna landgerðar í Sævarhöfða.
- ⚓ Gert er ráð fyrir að fara í 2. áfanga gatnagerðar við Sægarða neðan Klepps.

Grundartangi:

- ⚓ Ráðgert er að ljúka hækkun kantbita á Grundartanga á árinu 2018 með tilheyrandi þróun baklands og fyllingum.
- ⚓ Samkvæmt samningi við Eimskip verður gengið frá lóð, sem fyrirtækið hefur fengið úthlutað.
- ⚓ Gert er ráð fyrir fjármunum til gatnagerðar á vestursvæði og á Katanesvegi, en þær framkvæmdir eru háðar úthlutunum lóða og breytingum á lóðaskipan.

Akranes:

- ⚓ Áætlunin gerir ráð fyrir að hafist verði handa um endurnýjun fremsta hluta aðalhafnargarðs og lengingar hans. Meginþungi framkvæmdarinnar verður á árinu 2019 og lokið 2021.
- ⚓ Nauðsynlegt er að fara í endurröðun öldudempunar milli Aðalhafnargarðs og Batabryggju í því skyni að draga úr hreyfingu innan hafnar.

Tæki og áhöld:

- ⚓ Gert er ráð fyrir endurnýjun tækja, bíla og áhalda..

Áætlun áráanna 2018 - 2022

Áætlun áráanna 2018 til 2022 byggist á þeirri langtímaáætlun í framkvæmdum sem liggur fyrir. Gert er ráð fyrir óverulegum breytingum í umfangi rekstrar þessi ár, en tekjur áætlaðar hækka að raungildi 2,0% á ári. Sérgreind viðhaldsverkefni undir rekstri ráðast af forgangs röðun á hverju ári, en þau nema um 10% af rekstrartekjum fyrirtækisins. Miðað er við að á árunum 2019 - 2021 skili sér lóðatekjur af Sævarhöfða 33 og vegna úthlutunar lóða í Sundahöfn.

Langtímaáætlun Faxaflóahafna sf. á sviði framkvæmda og eignabreytinga ber með sér að stór verkefni liggja fyrir á næstu árum. Þeim verkefnum þarf að raða upp í forgangs röð en þau helstu eru þessi:

- ⚓ Í Sundahöfn skal nefna dýpkun Viðeyjarsunds, sem er nauðsynleg vegna nýs hafnarbakka utan Klepps og þróun í skipastærðum sem leggja að Vogabakka.
- ⚓ Stækkun aðstöðu farþega á Skarfabakka.
- ⚓ Verkefni vegna aðstöðu hafsækkinnar ferðapjónustu í Vesturbugt og á Miðbakka, en gert er ráð fyrir að einstakir áfangar varðandi þá aðstöðu verði leystir á árunum 2018 - 2023.
- ⚓ Þá er gert ráð fyrir áframhaldandi þróun lands og hafnarbakka á Grundartanga í takt við þróun starfseminnar á svæðinu.
- ⚓ Tillaga er gerð um kaup á nýjum dráttarbáti með um 80-90 tonna togkraft og því áætlaður tími árin 2020 og 2021. Með stækkandi skipum m.a. flutningaskipum er ljóst að fyrirtækið þarf á öflugri bát að halda innan þriggja til fjögurra ára. Smíði báts þarf að undirbúa með gerð verklýsingar og útboðsgagna, en þau gögn þyrftu að vera tilbúin í lok árs 2018 ef reikna á með afhendingu smíðinnar á árinu 2019.
- ⚓ Gert er ráð fyrir að halda áfram endurnýjun og styrkingu lágspennukerfis hafnarinnar á árunum 2018 - 2021, en að svo stöddu er ekki gert ráð fyrir kaupum og uppsetningu á háspennubúnaði, sem er kostnaðarsöm aðgerð. Augljóst er hins vegar að áherslan á aukna sölu rafmagns til skipa þýðir að endurnýja þarf búnað og dreifikerfi Faxaflóahafna sf. Áhersla er nú lögð á Gömlu höfnina, en á Akranesi er sá búnaður sem þarf fyrir hendi. Næstu áfangar eru Sundahöfn og Grundartangi.

Ofangreind verkefni þarf að leysa innan þess ramma sem fjárráð Faxaflóahafna sf. leyfa og án þess að tilkomi lánsfjármögnun. Áhersla er lögð á að aðlagða þarf áætlunin nýjum eða breyttum verkefnum á hverjum tíma að því marki sem slíkt er mögulegt, en bent hefur verið á að stærri verkefni sem farið er í spanna allnokkurn tíma.

Niðurlag

Eins og fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 og næstu ár ber með sér bíða stór verkefni úrlausnar. Samþykkt áætlunarinnar felur í sér stefnumótun stjórnar fyrirtækisins til næstu ár með þeim fyrirvara að taka þarf tillit til breytinga á komandi árum eftir því sem kostur er. Faxaflóahafnir sf. hafa mörg undanfarin ár leyst verkefni sín án þess að taka til þess lán, sem er eftirsóknarverð staða, sem mikilsvert er að varðveita. Til þess að svo megi áfram vera þurfa tekjur að haldast stöðugar og rekstur að vera innan þess meginramma sem verið hefur síðustu ár. Enn fremur verður að forgangsraða framkvæmdum í hóflega áfanga því ekki verða öll fyrirsjáanleg verkefni leyst á skömmum tíma. Samhliða þessu er einnig brýnt að eigendur stilli væntingum um útgreiðslu arðs í hóf og taka þannig mið af fjárfestingarþörf og handbæru fé.

Í greinargerðum Reykjavíkurborgar um árshlutareikning og ársreikninga síðustu ára hefur sú athugasemd verið gerð að ávöxtun eigin fjár sé of lág. Nokkuð augljóst er að sú ávöxtun verður ekki aukin nema með verulegri lækkun kostnaðar eða hækkun tekna. Ekki verður séð að þær leiðir séu raunhæfar en því er einnig haldið fram að raunávöxtun eiginfjár og hagnaður sem hlutfall af tekjum sé og hafi verið mjög viðunandi síðustu ár, ekki síst þegar tekið er tillit til þess að uppbygging, rekstur og þróun viðlegumannvirkja er mjög kostnaðarsöm og megingtekjur koma fyrst og fremst af vörum eða afla en ekki viðlegu skipa.

Ástæða er einnig til að nefna að nú eru möguleikar Faxaflóahafna sf. á landgerð og þróun lóða í Reykjavík að tæmast. Landþróun getur haldið áfram á Grundartanga á næstu árum og verkefni að nýta það svæði betur fyrir vöruflutninga sem ekki eiga erindi inn á farmsvæðin í Reykjavík. Í fyrirsjáanlegri framtíð verður hins vegar meginverkefnið í þróun Sundahafnar að ná fram bestu nýtingu lands þannig að þessi megingátt Íslands í vöruflutningum geti sinnt hlutverki sínu á næstu áratugum.

Þó svo að starfsemi hafnarinnar breytist ekki hratt þá hafa orðið merkjanlegar breytingar á ýmsum þáttum á síðustu árum á öllum hafnarsvæðum fyrirtækisins, bæði í starfsemi viðskiptavina

fyrirtækisins og aðstöðusköpun Faxaflóahafna sf. Starfsemi Faxaflóahafna sf. byggist á því að skapa skilyrði hafnsækinnar starfsemi, en fyrirtækið ræður því ekki hvernig viðskiptavinir þess haga áherslum sínum. Þetta má m.a. sjá í breyttu löndunarmynstri á fiski, stórauðinni hafsækinni ferðapjónustu, fjölgun skemmtiferðaskipa og stækkandi skipum í flutningum. Verkefni Faxaflóahafna sf. er því að mæta þeim breytingum sem verða og skapa þær aðstæður sem tryggja vaxandi umsvif fyrirtækja á starfssvæði hafnarinnar. Sú fjárhagsáætlun sem fyrir liggur miðar að því að uppfylla þessar væntingar eigenda fyrirtækisins og viðskiptavina þess.

Reykjavík 14. september 2017

Gísli Gíslason, hafnarstjóri.

Fjárhagsáætlun 2018

Rekstraryfirlit

	Áætlun 2017	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018
Rekstrartekjur			
Vörugjöld	1.300.828.000	1.440.000.000	1.502.650.000
Aflagjöld	230.000.000	190.000.000	190.000.000
Skipagjöld	337.312.000	374.663.000	384.030.000
Farþegagjald	0	0	48.000.000
Eignatekjur	849.496.000	770.814.000	818.868.000
Hafnarþjónusta	496.382.000	538.199.000	556.188.000
Siglingavernd	292.375.000	319.223.000	332.533.000
Rekstrartekjur alls:	3.506.393.000	3.632.899.000	3.832.269.000
Rekstrargjöld			
Hafnarvirki	577.412.000	577.221.000	570.885.000
Eignagjöld	470.126.000	453.735.000	524.284.000
Hafnarþjónusta	487.509.000	498.786.000	552.166.000
Skrifstofu & stjórn.k.	378.349.000	390.615.000	369.942.000
Siglingavernd	245.096.000	248.792.000	268.077.000
Afskriftir	830.000.000	820.000.000	820.000.000
Rekstrargjöld alls:	2.988.492.000	2.989.149.000	3.105.354.000
Rekstrarhagnaður:	517.901.000	643.750.000	726.915.000
Aðrar tekjur og gjöld			
Vaxtatekjur og verðbætur	92.046.000	62.000.000	55.000.000
Vaxtagjöld, verðbæt, gengismur	(66.480.000)	(52.000.000)	(55.000.000)
Lífeyrisskuldbindingar		(300.000.000)	0
Aðrar óreglulegar tekjur	0		
Aðrar tek.& gj. alls:	25.566.000	(290.000.000)	0
Rekstrarafgangur	543.467.000	353.750.000	726.915.000

REKSTRARTEKJUR:	Áætlun 2017	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018
Vörugjöld			
Almenn vörugjöld	1.165.758.000	1.300.000.000	1.359.150.000
Vörugjöld olíu	135.070.000	140.000.000	143.500.000
Samtals:	1.300.828.000	1.440.000.000	1.502.650.000
Aflagjöld	230.000.000	190.000.000	190.000.000
Skipagjöld:			
Lestargjöld	120.005.000	144.000.000	147.600.000
Bryggjugjöld	199.644.000	213.000.000	218.325.000
Legugjöld	17.663.000	17.663.000	18.105.000
Farþegagjald			48.000.000
Samtals:	337.312.000	374.663.000	432.030.000
Land og lóðir			
Lóðaleiga	459.363.000	459.363.000	520.300.000
Hafnarbakkaleiga	56.951.000	56.951.000	59.800.000
Leiga á geymslusvæði	2.182.000	2.500.000	2.563.000
Leiga á dráttarbrautum	15.000.000	5.000.000	7.000.000
Samtals:	533.496.000	523.814.000	589.663.000
Húseignir:			
Húsaleiga	316.000.000	247.000.000	229.205.000
Verbúðaleiga	0		0
Samtals:	316.000.000	247.000.000	229.205.000
Rafmagn og vatn:			
Rafmagn	83.120.000	93.575.000	86.100.000
Vatnsala	27.014.000	27.014.000	27.689.000
Samtals:	110.134.000	120.589.000	113.789.000
Hafnarþjónusta:			
Hafnsaga	125.459.000	125.459.000	128.595.000
Festargjöld	43.638.000	75.000.000	76.875.000
Hafnsögubátar	195.332.000	195.332.000	214.565.000
Önnur hafnarþjónusta	21.819.000	21.819.000	22.364.000
Samtals:	386.248.000	417.610.000	442.399.000
Siglingavernd			
Skipavernd	32.209.000	32.209.000	33.014.000
Farmvernd	233.152.000	260.000.000	271.830.000
Farþegavernd	27.014.000	27.014.000	27.689.000
Samtals:	292.375.000	319.223.000	332.533.000
Ýmsar tekjur	0	0	0
Tekjur alls:	3.506.393.000	3.632.899.000	3.832.269.000

REKSTRARGJÖLD:	Áætlun 2017	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018
Hafnarvirki og bækistöð			
Almennur rekstur	313.667.000	335.537.000	328.453.000
Sérverkefni	185.000.000	150.425.000	152.000.000
Bækistöð	6.227.000	2.670.000	7.559.000
Samtals:	504.894.000	488.632.000	488.012.000
Rafmagn og vatn			
Rafmagn	60.477.000	77.223.000	71.223.000
Vatn	12.041.000	11.366.000	11.650.000
Samtals:	72.518.000	88.589.000	82.873.000
Land,lóðir og götur			
Almennur rekstur	102.750.000	117.574.000	114.019.000
Sérverkefni	35.000.000	7.000.000	30.000.000
Samtals:	137.750.000	124.574.000	144.019.000
Húseignir			
Almennur rekstur	249.376.000	261.323.000	269.265.000
Sérverkefni	83.000.000	67.838.000	111.000.000
Samtals:	332.376.000	329.161.000	380.265.000
Hafnarþjónusta			
Hafnsaga	155.646.000	156.330.000	189.330.000
Bátar	291.695.000	295.036.000	313.797.000
Önnur hafnarþjónusta	40.168.000	47.420.000	49.039.000
Samtals:	487.509.000	498.786.000	552.166.000
Skrifstofu og stjórn.k.			
Hafnarstjórn	28.657.000	28.982.000	28.443.000
Hafnarskrifstofa	279.692.000	276.633.000	271.299.000
Endurskoðun		3.000.000	4.200.000
Samtals:	308.349.000	308.615.000	303.942.000
Annar kostnaður			
Minjavarsla	1.000.000	1.000.000	1.000.000
Rannsóknir og ráðgjöf	14.000.000	14.000.000	14.000.000
Umhverfis- og öryggisvottun	6.000.000	6.000.000	6.000.000
Lífeyrisskuldbinding	0	0	0
100 ára afmæli	10.000.000	10.000.000	0
Markaðs- og kynningarmál	25.000.000	25.000.000	25.000.000
Framlög til félaga	8.000.000	20.000.000	14.000.000
Afskrifaðar kröfur	6.000.000	6.000.000	6.000.000
Samtals:	70.000.000	82.000.000	66.000.000
Siglingavernd gjöld			
Skipavernd	18.290.000	20.680.000	23.488.000
Farmvernd	149.347.000	158.647.000	166.077.000
Farþegavernd	0	0	0
Annar kostnaður siglingaverndar	77.459.000	69.465.000	78.512.000
Samtals:	245.096.000	248.792.000	268.077.000
Afskriftir fasteigna	830.000.000	820.000.000	820.000.000
ALLS:	2.988.492.000	2.989.149.000	3.105.354.000

Yfirlit um sjóðstreymi

	Áætlun 2017	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018
Handbært fé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) tímabilsins	543.467.000	353.750.000	726.915.000
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	830.000.000	820.000.000	820.000.000
Söluhagnaður (tap)			0
Verðbætur og gengism langtímalána/krafna	1.243.000	(195.000)	994.000
Veltufé frá rekstri	1.374.710.000	1.173.555.000	1.547.909.000
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímaþrófur, lækkun (hækkun)	0	0	0
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)	0	0	0
	0	0	0
Handbært fé frá rekstri	1.374.710.000	1.173.555.000	1.547.909.000
Fjárfestingahreyfingar:			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	(1.855.000.000)	(1.908.000.000)	(1.845.000.000)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir			0
Veitt skuldabréfalán	(174.589.000)	(165.000.000)	(73.000.000)
Innborgað vegna lóðasölu	474.000.000	346.000.000	117.000.000
Afborganir langtímakrafna	262.000.000	260.000.000	260.000.000
Breyting á eignarhlutum			0
	(1.293.589.000)	(1.467.000.000)	(1.541.000.000)
Fjármögnunarahreyfingar:			
Ný langtímalán			
Greiddar afborganir langtímaskulda	(105.182.000)	(98.000.000)	(96.000.000)
Arður til eigenda	(264.000.000)	(371.000.000)	(170.000.000)
	(369.182.000)	(469.000.000)	(266.000.000)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(288.061.000)	(762.445.000)	(259.091.000)
Handbært fé í byrjun tímabils	1.428.276.000	1.428.276.000	665.831.000
Handbært fé í lok tímabils	1.140.215.000	665.831.000	406.740.000

Fjárhagsáætlun 2018 - 2022

(í milljónum kr.)

	Útkomuspá					
	2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
Rekstrartekjur						
Vörugjöld	1.440	1.503	1.533	1.563	1.595	1.627
Aflagjöld	190	190	194	198	202	206
Skipagjöld	375	384	392	400	408	416
Farþegagjald	0	48	49	50	51	52
Eignatekjur	771	819	835	852	869	886
Hafnarþjónusta	538	556	567	579	590	602
Siglingavernd	319	333	339	346	353	360
Rekstrartekjur alls:	3.633	3.832	3.909	3.987	4.067	4.148
Rekstrargjöld						
Hafnarvirki	577	571	571	571	571	571
Eignagjöld	454	524	524	524	524	524
Hafnarþjónusta	499	552	552	552	552	552
Skrifstofu & stjórn.k.	391	370	370	370	370	370
Siglingavernd	249	268	268	268	268	268
Afskriftir	820	820	853	948	1.028	1.029
Rekstrargjöld alls:	2.989	3.105	3.138	3.233	3.314	3.314
Rekstrarhagnaður:	644	727	771	754	753	834
Aðrar tekjur og gjöld						
Vaxtatekjur og verðbætur	62	55	12	10	11	4
Vaxtagjöld, verðbætur, gengism.	(52)	(55)	(25)	(21)	(18)	(15)
Lífeyrisskuldbindingar	(300)	0	0	0	0	0
Aðrar óreglulegar tekjur	0	0	0	0	0	0
Aðrar tek.& gj. alls:	(290)	0	(12)	(12)	(7)	(11)
Rekstrarafgangur	354	727	758	742	746	823

Framkvæmdayfirlit - eignabreytingar

(í milljónum kr.)

	Útkomuspá					
	2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
Framkvæmdir:						
Gamla höfnin						
Hafnarvirki	450	250	170	140	130	160
Land og lóðir	3	5	0	0	0	0
Götur	15	75	60	10	10	40
Húseignir	115	30	100	110	130	150
	583	360	330	260	270	350
Sundahöfn						
Hafnarvirki	750	785	920	470	345	550
Land og lóðir	220	185	150	50	50	0
Götur	0	110	100	120	220	230
Húseignir	0	0	0	0	10	100
	970	1.080	1.170	640	625	880
Grundartangi						
Hafnarvirki	220	100	90	60	40	20
Land og lóðir	60	80	15	15	10	5
Götur	15	35	55	55	20	20
	295	215	160	130	70	45
Akranes						
Hafnarvirki	30	160	500	380	280	0
Húseignir	20	0	0	0	0	0
	50	160	500	380	280	0
Borgarnes						
Hafnarvirki	0	0	0	0	0	0
Land og lóðir	0	0	0	0	0	0
Götur	0	0	0	0	0	0
	0	0	0	0	0	0
Tæki og búnaður	10	30	30	530	530	30
Framkvæmdir samtals:	1.908	1.845	2.190	1.940	1.775	1.305

Efnahagsreikningur 31. desember

(í milljónum kr.)

	Útkomuspá					
	2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
Eignir						
Fastafjármunir						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
Fasteignir	2.749	2.741	1.423	985	1.041	1.160
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur	9.342	10.249	11.504	12.037	12.335	12.625
Aðrar eignir	166	175	175	571	915	732
	12.257	13.165	13.102	13.594	14.291	14.517
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
Eignahlutir í félögum	179	179	179	179	179	179
Langtímakröfur	612	445	848	674	505	362
	792	624	1.027	854	684	541
Fastafjármunir	13.049	13.789	14.129	14.448	14.975	15.058
Veltufjármunir:						
Skammtímakröfur:						
Óinnheimtar tekjur	298	298	298	298	298	298
Aðrar skammtímakröfur	13	13	13	13	13	13
Næsta árs afborganir langtímakrafna	259	263	307	213	208	182
Handbært fé	666	407	326	373	133	435
Veltufjármunir	1.235	981	944	896	652	927
Eignir samtals	14.284	14.770	15.073	15.344	15.627	15.986
Eigið fé og skuldir						
Eiginfjárreikningar:						
Eigið fé	13.011	13.567	13.963	14.326	14.701	15.151
	13.011	13.567	13.963	14.326	14.701	15.151
Langtímaskuldir:						
Skuldir við lánastofnanir	718	648	556	464	372	280
	718	648	556	464	372	280
Skammtímaskuldir:						
Viðskiptaskuldir	352	352	352	352	352	352
Næsta árs afborganir langtímaskulda	93	92	92	92	92	92
Aðrar skammtímaskuldir	110	110	110	110	110	110
	555	554	554	554	554	554
Skuldir og skuldbindingar samtals	1.274	1.202	1.110	1.018	926	834
Eigið fé og skuldir samtals	14.284	14.770	15.073	15.344	15.627	15.986

Yfirlit um sjóðstreymi

(í milljónum kr.)

	Útkomuspá					
	2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
Handbært fé frá rekstri						
Hagnaður (tap) tímabilsins	354	727	758	742	746	823
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir	820	820	853	948	1.028	1.029
Verðbætur og gengism langtímask.	(0)	1				
Söluhagnaður rekstrarfjármuna						
Verðbætur langtímakrafna						
Veltufé frá rekstri	1.174	1.548	1.611	1.690	1.775	1.852
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:						
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun)						
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)						
	0	0	0	0	0	0
Handbært fé frá rekstri	1.174	1.548	1.611	1.690	1.775	1.852
Fjárfestingarhreyfingar						
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	(1.908)	(1.845)	(2.190)	(1.940)	(1.775)	(1.305)
Innborgað vegna lóðasölu						
Veitt skuldabréfalán						
Langtímakröfur, breyting	95	187	(447)	268	174	169
Breytingar á eignahlutum						
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	346	117	1.400	500	50	50
Samtals:	(1.467)	(1.541)	(1.237)	(1.172)	(1.551)	(1.086)
Fjármögnunarhreyfingar						
Greiddar afborganir langtímaskulda	(98)	(96)	(92)	(92)	(92)	(92)
Arður til eigenda	(371)	(170)	(363)	(379)	(371)	(373)
Ný langtímalán						
Lífeyrisskuldbinding uppgr						
Samtals:	(469)	(266)	(455)	(471)	(463)	(465)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(762)	(259)	(81)	47	(240)	301
Handbært fé í byrjun tímabils	1.428	666	407	326	373	133
Handbært fé í lok tímabils	666	407	326	373	133	435

